

## Stjórnarfundur STEFs 11. mars 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 11. mars 2024 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Puríður Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Eypór Gunnarsson. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

- Fundargerð stjórnarfundar frá 23. janúar svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
- Yfirlit starfseminnar frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- Vörumerkjavitund – átak á samfélagsmiðlum – fyrstu niðurstöður.
- Auglýsing fyrir viðburðinn *Bíómúsík og forleggjarar 2024*.
- Fréttabréf/fjölþóstur – febrúar 2024.
- Frumvarp til laga til breytinga á höfundalögum – gervigreindarfólk ásamt umsögn STEFs.
- Umögn STEFs um skýrsludrög starfshóps ráðuneytisins um lykílaðhrif tækniþytinga á skapandi greinar.
- Svarbréf til STEFs vegna samkeppni um kóralag.
- Beiðni um ábendingu um sérfróða aðila til setu í höfundaréttarnefnd ásamt svarbréfi STEFs.

- IHM.

Lagt var fram:

- Drög að greinargerð STEFs til sáttamanns IHM vegna skiptingar á tekjum vegna endurvarps.
- Tillaga til breytinga á samþykktum IHM hvað varðar samsetningu stjórnar o.fl. Minnisblað til stjórnar.

Stjórnin gerði ekki athugasemdir við greinargerðardrögin og samþykkti framlagða tillögu til breytinga á samþykktum.

- Frumflutningur – ný útreikniregla kynnt. Framhald frá síðasta stjórnarfundum.

Lagt fram minnisblað.

Ákveðið var að fresta afgreiðslu á þessum lið til að gefa Tí ráðrúm til að ræða betur áhrif breytinganna á sína félagsmenn. Þá kom fram ábending um að áhrif þaks á úthlutun til einstaks verks vegna frumflutnings breytist í takt við vísitölu.

- Upptökusjóður – breytingar á reglum. Framhald frá síðasta stjórnarfundum.

Lögð voru fram drög að nýjum reglum sjóðsins og voru þau samþykkt. Taka reglurnar gildi nú þegar og gilda við næstu úthlutun úr sjóðnum.

6. Reglur um aðgerðir gegn spillingu og mútubrotum.

Lögð fram þýðing reglna frá PRS.

Stjórnin telur æskilegt að STEF setji sér sambærilegar reglur og var framkvæmdastjóra falið að vinna drög að reglum STEFs, sem taki bæði mið af reglum PRS svo og reglum fyrirtækja og samtaka á Íslandi.

7. Beiðni um styrk vegna málsóknar (tónlist í auglýsingu).

Lagður fram tölvupóstur frá tilteknum meðlimi STEFs ásamt stefnu málsins.

Stjórn telur málið hafa fordæmisgildi og skipta miklu máli fyrir réttindi höfunda hér á landi. Með hliðsjón af málsástæðum svo og öðrum kringumstæðum þessa máls var ákveðið að STEF myndi styrkja þennan réttihafa um kr. 1. milljón til að standa straum af kostnaði við málsóknina. Styrkurinn er bundinn því skilyrði að verði samið í málinu, eða málið vinnist og réttihafi fái greiddan fullan málskostnað eða hluta hans, þá fái STEF styrkinn endurgreiddan að sama hlutfalli.

8. Túlkun á samþykktum STEFs varðandi framboð forleggjara til fulltrúaráðs (og stjórnar).

Í fyrsta sinn hefur tónlistarforleggjari boðið sig fram í fulltrúaráð STEFs, en samþykktir STEFs gera ráð fyrir að slíkt sé mögulegt. Í tengslum við þetta framboð hafa þó vaknað ýmsar spurningar um nánari útfærslu framboðs og atkvæðavægis forleggjara í kosningum til fulltrúaráðs og STEFs. Hefur kjörstjórn tekið nauðsynlegar ákvarðanir hvað varðar þetta tiltekna framboð, en stjórn telur æskilegt að samþykktir STEFs væru ítarlegri og skýrari hvað þetta varðar.

Var ákveðið að fá að nýju til starfa endurskoðunarnefnd STEFs sem stóð að síðustu breytingum á samþykktum og að hún leggi fram tillögu að breytingum hvað þetta varðar, sem þá verði hægt að leggja fyrir fulltrúaráðið.

9. Tónlistarmiðstöð.

Lögð fram drög að skipuriti og megináherslum í starfi, ásamt drögum að skipan Tónlistarráðs.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:30.